

Hvalfjarðarsveit
Bogi Kristinsson Magnusen
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík 11. nóvember 2020
UST202010-091/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Hlíðarbær - Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 8. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hlíðarbæ í Hvalfjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Hlíðarbæ og fellur eldra skipulag úr gildi sem var gert 2006. Í greinargerð kemur fram að á svæðinu eru 8 einbýlishús, raðhús, félagsheimili, sundlaug og tjaldsvæði. Auk þess kemur fram að byrjað var á þremur parhúsum í samræmi við gildandi deiliskipulag, sem verður fellt úr gildi, og voru reistir húsgrunnar og lögð gata að þeim.

Framkvæmdir

Í greinargerð kemur fram að svæðið er í nokkrum bratta og er gróið víði- og birkikjarri með lynggróðri og lúpínuflákum inn á milli.

Umhverfisstofnun bendir á að birki fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Sundlaug og fráveita

Umhverfisstofnun telur umfjöllun frekar rýra um skilmála félagsheimilis og sundlaugar. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að starfsemi sundlaugarinnar sé í samræmi við reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósvatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar, sem hér um ræðir, er Saurbæjará, en það hefur vatnshlotsnúmerið 104-8-R undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.


Umhverfisáhrif, rask og frágangur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að metin séu umhverfisáhrif gangstéttar, gönguleiða, akstursleiðar inn á tjaldsvæði og leikvallar á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að akstursleiðir fari um þegar röskuð svæði. Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um frágang og afmá húsgrunna sem verða ekki byggðir og götu að þeim. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að raski sé haldið í lágmarki.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur